

# Fundargerð aðalfundar byggðasamlags UTU 2021 haldinn í Félagsheimilinu Árnesi 10. nóvember 2021

Aðalfundurinn hófst með málsverði kl. 12.00 en að honum loknum var gengið til aðalfundarstarfa.

## Fundinn sátu:

Stjórn UTU bs.: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Árni Eiríksson varaformaður og meðstjórnendurnir Guðmundur J. Gíslason, Helgi Kjartansson, Ingvar Hjálmarsson og Björn Kristinn Pálmarsson.

Starfsmenn UTU bs.: Jóhannes Hr. Símonarson frkv. stjóri, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

Aðrir fundarmenn: Jón G. Valgeirsson sveitartjóri Hrunamannahrepps, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Sýlvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Smári Bergmann Kolbeinsson sv.stjórnarmaður í Grímsnes- og Grafningshreppi, Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepp og Skafti Bjarnason oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Samtals 16 fundarmenn.

**Fundargerð ritaði:** Jóhannes Hr. Símonarson

Halldóra Hjörleifsdóttir formaður UTU bs. setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Því næst fól hún Jóhannesi framkvæmdastjóra að fara yfir og stýra fundi skv. áður boðaðri dagskrá.

### 1. Ársskýrsla UTU bs. 2020

Jóhannes fór yfir ársskýrslu embættisins fyrir árið 2020 ásamt Davíð byggingarfulltrúa og Vigfúsi skipulagsfulltrúa, en ársskýrslan var sett saman af þeim þremur. Í ársskýrslunni var að finna upplýsingar um stjórnarmenn og fjölda stjórnarfunda, upplýsingar um starfsmenn embættisins, fyrirkomulag starfseminnar og helstu rekstrartölur embættisins. Þá var í ársskýrslunni að finna tölulegar upplýsingar yfir helstu lykilþætti embættisins, annars vegar á byggingarsviði og hins vegar á skipulagssviði ásamt hugleiðingum og framtíðarsýn byggingarfulltrúa annars vegar og skipulagsfulltrúa hins vegar.

Umræður urðu um álag á starfsmenn embættisins og hvort það væri of mikið á stundum. Fundarmenn lýstu almennt yfir mikilli ánægu með gott starf starfsmanna og gott gengi UTU bs. þessi misserin.

### 2. Ársreikningur UTU bs. 2020

Jóhannes fór yfir ársreikning embættisins fyrir árið 2020 sem undirritaður var af stjórn UTU bs. þann 26. maí 2021.

Ársreikningurinn var unnin og endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers ehf.

### 3. Þóknun til stjórnar/skipulagsnefndar UTU bs.

Lögð var fram og kynnt tillaga stjórnar UTU bs. um óbreytta þóknun til stjórnarmanna/skipulagsnefndarmanna UTU bs. fyrir árið 2022, sem nemur 3,0% af þingfararkaupi pr. fund. Þingfararkaup m.v. 01. júlí 2021 er kr. 1.285.411 og laun nefndarmanns því tæpar 40.000 kr. pr. fund. Árlegur launakostnaður embættisins vegna stjórnar/ skipulagsnefndar er því áætlaður um 5,2 mkr. fyrir árið 2022. Við bætist aksturskostnaður skv. akstursdagbók.

Nokkur umræða var um hvort rétt væri að breyta þóknuninni í fasta krónutölu líkt og sumar sveitarstjórnir hafa gert en þó ákveðið að gera það ekki. Aðalfundur staðfestir tillögu stjórnar um óbreytta þóknun, 3,0% af þingfararkaupi.

#### 4. Fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2022

Jóhannes fór yfir og kynnti fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2022. Áætlunin hefur áður verið staðfest af stjórn UTU bs. og liggur nú frammi til staðfestingar hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

##### Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar:

Áætlaður launa og launatengdur kostnaður:	133.026.949 kr. -
Áætlaður húsnæðiskostnaður:	6.004.883 kr. -
Áætlaður bifreiðakostnaður:	4.515.000 kr. -
Áætlaður sameiginlegur kostnaður:	39.910.402 kr. -
Áætlaður fjárfestingakostnaður – endurnýjun á bifreið:	2.500.000 kr. -
Samtals áætlaður kostnaður embættisins:	<b>185.957.234 kr.-</b>
Áætlaðar sértekjur embættisins:	<b>-11.000.000 kr. -</b>
Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna vegna embættisins:	<b>174.957.234 kr.</b>

Á móti áætluðum kostnaði sveitarfélaganna vegna embættisins koma síðan tekjur af byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem embættið innheimtir fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna.

#### 5. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:30